

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 15. apríl 2016
2016040002/42-8
TB
jgo/tb

Umsókn Arctic Hydro ehf. um rannsóknaleyfi vegna áætlana um Hamarsvirkjun á vatnasvið Hamarsár Djúpavogshreppi

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 30. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Arctic Hydro ehf. um rannsóknaleyfi vegna áætlana um Hamarsvirkjun á vatnasviði Hamarsár Djúpavogshreppi. Í umsókninni kemur fram að fyrirhuguð virkjun hefur aðra útfærslu en áður hefur verið fjallað um í 3. áfanga rammaáætlunar þ.e. R3150A Hraunavirkjun til Berufjarðar. Gert er ráð fyrir að áhrifasvæði virkjunarinnar sé fyrir utan svæði skilgreind sem náttúruverndarsvæði eða svæði á náttúruminjaskrá.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemd við að leyfi sé veitt til rannsókna í samræmi við þær forsendur sem gefnar eru um leyfi til rannsókna á svæðum sem ekki hefur verið tekin afstaða til í rammaáætlun sbr. 5. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

